



Foreldrararnir stundum óþekkir

● Fengu lög- regluheimsókn í umferðarfræðslu

Hólmfríður Gísladóttir
 holmfridur@mbl.is

Það brunnu ótalmargar spurningar á börnunum í þriðja bekk í Varmárskóla í Mosfellsbæ í gærmorgun, þegar lögregluþjónninn Hilmir Kolbeins heimsótti þau. Börnin hafa undanfarið fengið umferðarfræðslu í skólanum og voru með umferðarreglurnar alveg á hreinu, segir Hilmir, en þau höfðu hins vegar ýmislegt upp á foreldra sína að klaga hvað umferðaröryggi varðar.

„Þau eru mjög dugleg að klaga mömmu og pabba,“ segir Hilmir. „Krakkarnir taka alveg eftir því hvað gerist í bílnum og þeir vita að það á að vera með belti og að það má ekki tala í símann,“ segir hann en þetta séu þau tvö atriði sem fulloröna fólk-
 ið virðist helst flaska á.

Börnin voru þó ekki síður áhuga-
 söm um útbúnað lögreglunnar og önnur störf og spurðu mikið um það hversu marga bófa lögregluþjónninn hefði handsamað og hvað yrði eiginlega um þá. Hitt vissu þau allt, að sögn Hilmars. „Ég spurði þau hvað þau ættu að gera þegar þau fara yfir gangbraut og um gíl þessi grunn-
 atriði í umferðarfræðslu og þau voru með þetta allt á hreinu,“ segir hann.

Veiti mömmu og pabba aðhald

Umferðarfræðslan er eitt af viðfangsefnum þematengdra smíðja í samfélags- og náttúrufræði, þar sem m.a. er fjallað um tækni, himingiminn, fjöllin og umhverfisvernd en Varmárskóli fékk einmitt Grænfrá-
 ann síðastliðið vor.

„Við byrjuðum á umferðarfræðslunni í haust og erum með fjóra tíma á viku. Þá höfum við verið að fjalla um umferðina almennt, leiðina í skólanum og umferðarmerkin sem verða á veggi þeirra til og frá skólanum,“ segir Krístrún M. Heiðberg umsjónarkennari.



Morgunblaðið/Stýrnir Kári

Fræðsla Börnin voru afar spennat að sjá búnað lögreglumannsins og spurðu mikið um bófana sem lögreglan eltist við. Þau voru með umferðarreglurnar alveg á hreinu en ljóstrúðu mörk upp um umferðarbrot foreldranna.

FORVARNIR

Fá líka slökkviliðið í heimsókn

Börnin í þriðja bekk eiga einnig von á heimsókn frá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu í veturne en í lok nóvember heimsækja fulltrúar slökkviliðsins alla grunnskólana á höfuðborgarsvæðinu og fræða átta ára börnin um forvarnir.

„Í grunnskólanum vörpum við myndum upp á vegg og förum yfir reyk-

skynjarann, slökkvitækið, flóttaleiðirnar og hvað á að gera,“ segir Guðmann Friðgeirsson forvarnafulltrúi.

Heimsóknir í leikskólana standa nú yfir en þar læra börnin um forvarnir með þeim Loga og Glód, sem eru svo aftur kynnt fyrir þriðjuþekkingum í bókinni Brennuvargi. „Þegar við heimsækjum þau í átta ára bekk skerpum við á Loga og Glód,“ segir Guðmann.

Börnin læra einnig ýmislegt fleira, t.d. hvar á að leika sér og hvar ekki og það að maður á aldrei að fara inn í bíl með ókunnum. Krístrún segir að markmiðið með því að fá lögreglu-
 a í heimsókn hafi verið að halda kennslunni lifandi og skemmtilegri og eins fái fræðslan aukid vægi þegar hún komi beint frá lögreglunni sjálfri.

Þá segir Krístrún kennsluna vonandi skila sér heim en eins og fyrr segir hafi komið í ljós að foreldrarmin séu ekki alltaf góðar fyrirmyndir í umferðinni. „Mamma og pabbi hefðu kannski alveg gott af þessu líka,“ segir Krístrún. „Það er ágætt fyrir foreldrana að það sé verið að fræða börnin. Þetta er svona smá aðhald fyrir þá,“ segir hún.

